

VIÐ VEGÍNN

Kaflar úr ferðasögu

Eftir

DR. HELGA PJETURSS

Við veginn.

Kaflar úr ferðasögu.

I.

Sveitin þar sem við vorum á ferð, í stormi og rigningu, er í tólu þeirra, sem líklegastar væru til búsældar á landi hjer. Jarðvegur er þar mikill og góður, mikið af sveitinni fornir farvegir Þjórsár, sem fór þar viða yfir, fyrir líklega svosem 2000 árum, en gróf sig síðan niður, er landið hækkaði í sjónum lítið eitt. Mætti margfalda grasvöxtinn þar á Skeiðunum með því að veita Þjórsá upp í farvegi fyrirrennara síns. En það sýnir, hversu lítill er mátturinn í landbúnaðinum íslenska, og hversu ónógrur áhuginn á að efla hann, að þó að þetta mundi gera mega fyrir minna fje en ýmsir einstakir fjárafiamenn í kaupstað mundu geta til kostað, þá er það ekki gert.

Vegurinn sem við vorum að fara er forsmán af lögðum vegi að vera, of mjór og ofaníburður illur. Get jeg varla skilið að það sje góð regla, sem helst virðist vera farið eftir, að taka heldur illan ofaníburð nær, en góðan ef lengra þarf að sækja hann. Eru slíkir vegir gerðir nærrí því eins og af fjandskap bæði við menn og skepnur. Vagnabrotin meðfram veginum sýna líka að oft vill ekki vel vegna á veki þessum.

II.

Nálægt veginum var maður að slá í storminum og rigningu. Við höfðum tal af honum. Þegar hann opnaði munninn, sá jeg að sumar framtennurnar vantaði. Þær sem eftir stóðu voru stórar og sterklagar.

Jeg fór að hugsa um hvernig á þessu tannleysi mannsins mundi standa. Algengasta orsókin til þess að tennurnar skemmast mun vera sú, að svo mikið af matarleifum fær að vera kyrt í þeim. Og þess vegna skemmast jaxlarnir vanalega mest, þó að þeir sjeu tannanna sterkastir, að í þeim verður mest eftir af matnum.

Miklu mundi sá maður geta afstýrt af þjáningum og töfum, sem færí bæ af bæ (og í kaupstöðunum hús úr húsi) og sæi um, að hver maður vissi að honum væri hollara, að skola að minsta kosti vei munninn með söltu vatni, áður hann færí að sofa. Og þessi sami maður ætti líka að kenna að þvo sjer um hendurnar og nota Pears (Pírs) sápu. Hann mundi vinna fyrir góðu árskaupi maðurinn sá sem þetta gerði, í því landi þar sem svona margir deyja úr taugaveiki. Það mundi geta orðið til að bjarga lífi eins og annars, ef áhuginn á því að þvo sjer um hendur áður en matast væri, eða matreitt handa öðrum, væri meiri. Og jeg hef að minsta kosti ekki rekíð mig á, að nokkur handsápa taki Pears sápu fram, ekki dýrari. Það er málefnisins vegna, sem jeg nefni þetta; jeg hef auðvitað ekki verið bedinn að auglýsa sápuna.

Við fórum fram hjá bænum mannsins, sem var að slá. Það var aumlegt kot. Vjer íslendingar erum niðurbældasta þjóðin á Norðurlöndum, og húsakynnin hafa víst átt ekki hvað minstan þátt í því að svo hefur farið. Alstaðar hafa þau verið miklu betri en hjer, alstaðar hægra að ná í esnivið og eldivið.

I sambandi við bænum var eðlilegt að sara að hugsa um hvernig hressingin mundi vera, sem sláttumaðurinn þessi fengi, þegar hann kemí heim úr slagviðrinu. Og þá fór að verða skiljanlegt, hvernig á framtannaskortinum mundi standa. Það var baráttan við kulda og vosbúð, sem þar kom fram. Pessi maður hafði náttúrlega þann sið, að jeta eins heitt og hann gat, og drekka eins heitt kaffi og hann með nokkru móti þoldi í sig að láta, til þess að sigrast á hrollinum; og við það höfðu framtennurnar bilað. Mjer kom í hug hvort ekki mundi sitthvað af bringspalaverk sem jeg hafði heyrt getið um, einnig vera þannig til komið.

Helgi Pjeturss.

Við veginn.

Kaflar úr ferðasögu.

III.

Áfram hjeldtum við í storminum og rigningunni. Hestarnir voru ófúsir að fara á móti veðrinu og óþægir, og varð að keyra þá áfram harðýðigislegar en við hefðum kosið. Það er varla unt að ferðast á Íslandi án þess að fara of illa að þessum þolinmóðu og merkilegu skeþnum, sem hafa nafn af flýtinum. En þegar dæma skal um hvernig Íslendingar fara með hesta sína, má ekki gleyma því hvað þeir hafa orðið að bjóða sjálfum sjer, hversu mikla þreytu og vosbúð menn hafa orðið að þola í þessum erfiðu aðdráttarferðum, sem hafa tekið svo mikil af örku manna og tíma, að landbúnaðinum hefur ekki getað farið fram þess vegna. Margra heilsa hefuf lika bílað í þess konar ferðalögum. Hvað mikil af örku hin erfðu ferðalög hafa gleypit, mun best sjást þegar svo sem þrjátíu miljónum króna hefur verið varið í vegagerðir, og járnbrautarlagnningar á landi hjer. Og raunar löngu fyr. Ett jeg nefni þessa upphæð af því að mér finst það eiga vel við í sambandslandi þeirrar þjóðar, sem þessi árin hefur grætt meira en þúsund miljónir króna, og þar sem aðalsprungin nuna er það sem á þeirra máli heitir Anbringelsé af Kapital, eða hvernig ríkur eigi að fara að því að verða ennþá ríkari. Satt er það sagt, þó að menn trúi mjer líklega ekki til þess, að svo sem þrjátíu miljónum af þessu fje yrði ekki betur varið nje vaxtasamlegar en Íslandi til viðreisnar.

IV.

Þegar minkaði rigningin, var jeg að horfa á fjöllin, hversu blá þau voru, með ýmsum bláma, fjær og næð. Hvað hún var svipmikil öxlin þarna á Tindfjallajökli, gnæfandi upp þar sem er eitthvert hið furðulegasta landslag á þessari merkilegu

eyju. Haustbláminn á fjöllunum er fegurstur, og einmitt sterkestur í rigningu. Þá nýtur sín best eigin litur loftsins. En fjallabláminn er liturinn á loftinu, sem horft er í gegnum, blandaður lit fjallsins sjálfss; því meira loft sem horft er í gegnum að fjallinu, eða með öðrum orðum, því fjær sem fjallið er, því minna gætir eiginlits fjallsins, því líkari verður bláminn á því himinblámanum. En nánar til tekið er blámi loftsins, himinbláminn, víst einkum liturinn á súrefrinu, fjörginu, þessu merkilega efni, sem er öllum nauðsynlegra til að halda við blossta lífsins. Hvergi hef jeg sjéð loftið eins blátt eins og yfir jöklinum mikla á Grænlandi og þar í nánd. Er ekki ólíklegt að það komi af því, að lifefni eða fjörgi loftsins sje þar í mesta lagi.

Það er fögur fjallasýnin á Suðurlandi þar sem til sjer, og þarf ekki annað en minna á vesturfjöllin, hversu dimmblá þau geta risið við gyltan kvöldhimin, og á silfurþökin og Breiðublikin, þegar norður er litid og austur. Eyjafjallajökull var dálitið öðruvísí að sjá en vant er; aldrei hefi jeg sjéð hina feiknalegu víðu gígskál eldfjallsins eins vel og í sumar; hefur ekki síðan jeg fór að horfa á fjöllin verið eins lítill snjór á þeim og í sumar. Má hafa það til marks, að fastafönn á fjallinu Högnhöfða, sem virðist stór þegar að henni er komið, var að því er mjer syndist af Hlíðarfjalli, alveg horfin. Hafði jeg stundum verið á Hlíðarfjalli í sumar, eins og oft áður, og hugsað þar um fjöllin sem til austurs sjer og vesturs, og horft inn að Jarlhettunum, sem rísa svo bláfagrarr líkt og gaflaröð einhverrar goðahallar við blikandi jökulinn. Upp á þá af Jarlhettunum, sem einna fyrst mun vera tekið eftir, þegar þangað er litid, vegna þess hvað einkennileg hún er í laginu, gengum við Kjartan Jóhannesson 1910. Stöðuvatn sá jeg þar, sem jeg hafði ekki heyrt getið um áður; hefur þar bráðnað burt jökulsporður; virðist jökkullinn vera mikil að minka.

Yfirborðið á Hlíðarfjalli er grásteinsbraun, sem runnið hefur milli ísalda. Getur á því enginn vafi leikið. Sama hraunbreiðan er efst í Sólheimafjalli. En á milli er einn af fegurstu döllum á Íslandi.

V.

Í sambandi við Hlíðarfjall er rjett að minnast á ímyndun, sem jeg hef stundum orðið var við, þá nefnilega, að jeg hafi lítið fengist við rannsóknir annarstaðar á Íslandi en í uppsveitum Árnéssýslu. Veit jeg að vísu hvernig á þessu muni standa — það er fátt um braður að baki fyrir sumarvisindamenn á landi hjer — en hefur samt þótt nokkuð undarlegt, þar sem jeg hef verið við rannsóknir í öllum landsins sýslum nema einni. Meðal annars hef jeg rannsakað og fundið eldfjöllin gegnskornu við Skagafjörð, Pórðarhöfða og Ketubjörg. Þegar jeg hafði horft á Ketubjörg í nokkra daga; var jeg að vísu þreyttur, því að slíkt reynir mikil að höfuðið, en þóttist þó ekki til einskis unnið hafa, því að jeg sá að þarna var fundinn einn af sýnistöðum jarðar vorrar. Líka hafði jeg fundið hvernig mundi geta verið til kominn drangurinn furðulegi, sem stendur upp úr gíg eldfjallsins á Martinique; er varð 30 eða 40 þúsundum manna að bana í einni svipan.

Þá skoðun hef jeg líka fyrirfundið, að jarðfræðingar sjeu menn er leita að nytsönum jarðefnum. Á það í minsta lagi við um mig. Hefur leit eftir nytsönum efnum verið mjög aukaatriði við mínar rannsóknir. Hefur áhugi á því að finna dýrmæt efni ekki átt nokkurn þátt í því, að jeg lagði stund á náttúrufræði. Asetti jeg níjar þegar á barnsaldri að verða visindamaður og lagði á þá braut, sem níjar þótti líklegust til að verða níjar braut til þekkingar og skilningsauka. Er bæði, að jarðfræðirannsóknir, einnig slíkar, sem jeg hef fengist við,

eru ómissandi undirbúningur undir það að mannkynið taki svo sem nauðsynlegt er jarðöflin í sína þjónustu; og svo eru þess konar rannsóknir með bestu æfingum fyrir vitið. Hefur sú æfing í að draga vandasamar ályktanir, sem jeg fjekk á jarðfræðirannsóknum mínum, orðið níjer að miklu liði þegar hugurinn fór að snúast mest að því að reyna að gera sjer nokkra grein fyrir upphafi, framgangi og tilgangi lífsins á jörðu hjer. Er margt í þeim efnum, þar sem miðög þarf jarðfræði við, og þess hugsunarháttar, sem jarðfræðin skapar og läng viðleitni á að læra sjálfur að afla sjer þekkingar á náttúrunni. En hins vegar hefur málid mikil ááhrif á hugsunina, og hefur verið að því mikill styrkur við svo vandasamt starf, að eiga til þeirra fornmannar að telja, er áttu hið besta tungumál sem er og verið hefur á jörðu hjer. Er það eins og til nokkura bóta fyrir ýmsa örðugleika ekki smáa, sem verða á braut visindamannsins þar sem ekki er meiri skilningur á þýðingu hins visindalegá hugarfars fyrir þjóðfjelagjóð en hjer á landi er enn þá, og þar sem þessi hindrun á leið þekkingarinnar, sem spekingurinn Lamarck minnist á, að svo erfitt sem það sje að uppgötva ný sannindi, þá sje þó enn þá erfiðara að fá menn til að uppgötva, að ný sannindi sjeu fundin, er í allra ferlegasta lagi. —

Í næsta kafla verður tekið til ferðasögunnar aftur, minst á mann sem við mættum, og í sambandi við það leitast við að fá menn til þess að hugsa nokkuð um hvað dregið hefir úr vexti Íslendinga. Er tilgangur ferðasögunnar sá helst að styðja svolitið að þjóðrækt, ef verða mætti. En eins og alstaðar, þarf þar athugun fyrst, og til munar betri athugun en þá sem algeingust er.

Helgi Pjeturs s.

Við veginn.

Kaflar úr ferðasögu.

VI.

Vegurinn lá framundan okkur langa leið, auður, með gulmórauðum leirvatnspollum. Þó að við værum komnir á fjölfarnasta þjóðveg landsins voru þeir örfáir, sem við mættum. Einn af þeim sem á leið okkar urðu er vert að geta um; var sá mikill vexti, einn af þeim mönnum sem ef til vill sýna, að þjóðinni er þó eitthvað að fara fram; virðist mjer litill vafi geta leikið á því, að síðan jeg fór fyrst að muna eftir mönnum, hafi íslendingar hækkað og orðið ljósari á hár.* Ekki var þessi viðreisnarmaður þó nema rúmar 3 álnir á hærri; íslendingar eru ekki hærri en það, þeir sem hæstir eru. Hygg jeg að alstaðar á Norðurlöndum sjeu stærstu mennirnir stærri en á Íslandi. Er þetta mjög eftirtektarvert og hlýtur að koma af því, að meira hafi dregið úr vexti íslendinga en frænda þeirra í Noregi, Danmörku og Sví-

* Eftir að þetta var ritað, hef jeg sjéð að L. Faye segir að eftir mælingum að dæma, muni meðalhæð Norðmanna hafa aukist um 2—3 smástiklinga (centimetra) að meðaltali síðastliðin 20—30 ár. Þykir mjer ekki óliklegt, að íslendingar hafi hækkað meira. Að segja að íslendingar sjeu yfirleitt fremur smávaxnir, eins og stundum er gert, hygg jeg sje rangt, svo mikill fjöldi manna virðist mjer vera 178 smástiklingar og þar yfir. Hef jeg veitt þessum efnunum mikla eftirtekt í mörg ár, þó að ekki hafi jeg mælingar gert.

þjóð. Alls engin ástæða er til að ætla að íslendingar hafi í fornöld verið lægri en Nordurlandabúar aðrir; miklu fremur er ástæða til að halda hitt, að í fornöld hafi menn hjer á landi verið í hæsta lagi; og jafnvel á 16. öld er talað um íslendinga, sem voru nálægt 7 fetum á hæð. En nú er enginn nálægt því; hef jeg engan íslending sjéð eða fengið frjettir af, sem meira væri en 75 þumlungar, og að eins einn mann sjéð svo háan Öld hinnar verstu líkamlegu hnignunar hjer á landi mun ekki hafa byrjat fyr en eftir 1602. Þó að því fari fjarri, að þeir sjeu alt af mestir atgerismenn um annað, sem hæstir eru, þá má sjálfsagt marka nokkuð þroskanum eða þjóðþrifin á því hvað menn verða hæstir; mun mega gera ráð fyrir, að á uppgangssöldum verði menn hærri en á afturfarartímum. Manninum veitir örðugt að verða stór, og ein ástæðan, ef til vill aðalástæðan, til þess hvað erfiðlega gengur að ná miklum vexti, kynni að vera sú, að það þarf svo miklu aflmeira hjarta í stóran líkama en lítinn, ef sama gagn á að gera. En vandsótt, að ná miklu hjartaafli. Virðist mjer það sem nú skal sagt, geta verið til nokkurs fróðleiks í þessu efni. Bræður tveir voru hjer fyrir nokkrum árum; var annar þeirra 3 álnir, hinn svo sem 7 þumlungum lægri. Minni bróðirinn lifir enn og er held jeg hraustur; en hinn bróðirinn dó úr hálsvéiki. Hálsvéiki stendur víst oft í nánu sambandi við fótakulda, en fótakuldinn kemur oft af því að hjartað hefur ekki afl til að knýja blóðið um líkemann sem þarf. Hjartaaflið, sem ættararfur og og ástæður leyfðu þeim bræðrum að hafa, var í tæpasta lagi fyrir 3 álna líkama, en nægði líkama, sem var 6—7 þumlungum styttri. Sú greinin, sem meiri vöxturinn lagðist í dó, mótsprynnan gegn því að vera stór, varð of mikil.

Með því sem nú var sagt, er gerð dálítill tilraun til þess að hvetja til umhugsunar um hvað orðið hafi til að draga úr íslenskri stærð; munu menn verða margs fróðlegs varir, ef þetta er vel athugað, sem hjer er vakin athygli á. Í þessu sambandi væri vert að íhuga hvort það hefur ekki miðað til þess að draga úr vexti Íslendinga, að á síðari tímum hafa hlaup verið minna stunduð en í fornöld. Það er eftirtektarvert, að hin mestu hlaupadýr, eins og hestar og strútsfuglar, hafa stækkað í mesta lagi, þegar miðað er við forfeður þeirra aftur á öldum.

VII.

Veitingaskáli nokkurs konar er þar við veginn, eins og menn vita, og fórum við þar inn til þess að fá okkur hressingu. Menn nokkrir voru þar fyrir, úr Flóanum held jeg flestir, og allir blautir. Ekki þekti jeg menn þessa, og verð að segja sama um miklu mestan hluta af Íslendingum að jeg þekki þá ekki. Það er eftirtektarvert þetta, hvað menn þekkjast lítið; og þó að þjóðin sje ein hin fámannasta, er líklega enginn maður, sem þekkir tíunda hluta þeirra Íslendinga, sem uppi eru um hans

daga. Og þó er verið að segja „vjer Íslendingar“, rjett eins og mönnum væru þessir Íslendingar vel kunnugi, og rjett eins og þar væri að ræða um nokkurs konar samtaka heild, sem menn vissu vel hvað væri. Íslendingar gætu verið fyrirmund að þjóðþekkingu, og sú þekking gæti fengið merkilega vísindalega þýðingu, ef áhuginn á mannfræði væri meiri. Væri þess konar áhugi mikill, þá mundu eigi einungis vera gerðir út vísindamenn, náttúrufræðingar, læknar, málfræðingar, til þess að afla þekkingar á þessari þjóð og öðrum þjóðum, — því að það er nauðsynlegt til samanburðar — heldur væru einnig fengnar til listamenn, skáld, málarar, myndhöggvarar og ljósmyndarar. Myndasöfn mundu þá vera til af fólkí á öllum aldri, sem væru í myndir þúsundum saman, og ætti að gefa út slík myndasöfn af Íslendingum bæði austan hafs og vestan. En takmarkið ætti að vera þjóðmyndasafn, þar sem væru til myndir af allri þjóðinni. Þegar vel væri komið á þá leið, mundi mega fara að segja með vissu hvort þjóðinni væri að fara fram eða aftur, og á margan hátt gæti þesskonar áhugi á mannfræði, sem hjer er á minst, orðið til þess að greiða fyrir mannrækt og þjóðrækt. H e l g i P j e t u r s s .

Við veginn.

Kaflar úr ferðasögu.

VIII.

Við og við leit jeg á mennina sem voru þarna inni í skálanum og gerði mínar ágiskanir af því sem jeg sá. Jeg hef gert ekki fáar þúsundir af þess konar athugunum á Íslendingum, borið saman og prófað ályktanir mínar eftir því sem við varð komið, reynt að skilja nútíð af fortíð og fortíð af nútíð. Og jeg hygg, að jeg sje nokkuð farinn að skilja sambandið í sögu þjóðarinnar, og sumar ættirnar er jeg farinn að þekkja nokkuð, Sturlunga, Haukdæli og Ásbirninga einkum; hinir síðastnefndu eru, einsog Hofs Bjarni og Leifur heppni, í beinan karlegg komnir frá Öxna-Póri. En í þetta skifti var það fremur almenns eðlis, sem jeg var að athuga. Það má vita mikið um menn af höfuðlagi þeirra og andlitslagi, augum, lit og fleiru. Augun segja til hvort mannum líður vel eða illa, hvort hann er góðmenni eða illa innrættur, vitur eða einfaldur. Það má jafnvel sjá á augunum, hvort það sem mannum flýgur í hug það augnablikið, er viturlegt eða ekki.

Af mönnunum þarna í skálanum, hugði jeg þann hafa átt versta ævi, sem virtist þeirra best ættaður. Á flestum Íslendingum má sjá einhver merki þess, að þeir eru af góðum ættum, og eins hins, hversu kynslóð eftir kynslóð hefur skort flest af því sem þurfti til þess að ná þeim vexti, því afli og þeirri segurð, sem einkendi svo oft forfeður og formæður, meðan best var. Og líkur má telja til þess, að meðan best vegnaði, þegar hámark norrænnar menningar var flutt frá Noregi til Íslands, hafi einmitt hjer á landi verið sumt hið fríðasta fólk sem uppi hefir verið. Takið eftir því viti á mannfegurð, sem lýsir sjer þar sem best er í fornritum vorum, og hversu náskylt það er því sem

myndlistin forngríkska sýnir. Það er engin tilviljun, að sá listamaður sem næst hefur gengið Grikkjum í að sýna mannfegurð, var íslenskur að annari ætt.

Alstaðar á Norðurlöndum hygg jeg fólkid sje nú á dögum ófríðara en það var í fornöld, það er að segja á því uppgangstímabili sem hófst ef til vill um 700 e. Kr. og lauk á þrettándu öldinni, með ósigri Sturlunga og hins íslenska málstaðar. En mest hefir oss farið aftur Íslendingum; mest hefur oss skort það sem þurfti til að þrifast; greinilegast virðist mjer það vera hjer, hvernig augun hafa minkað, kinnbeinin stækkað, brjóstholið þrengst, einkum að ofan, fótleggjirnir stytst. Lesandinn verður að muna, að hjer er verið að miða við hið fríðasta fólk, og líkur má telja til þess, að ekkert annað fólk hefði, í sporum Íslendinga, haldið sjer betur við mannsmyndina en vjer höfum gert. Það mun sýna sig einhvern-tíma, að til mannræktar er nauðsynlegt að gera sjer sem glegsta grein fyrir því sem hjer er verið að drepa á; og því betur sem menn skilja það, því meiri vonir munu þeir gera sjer um framtíð þessarar þjóðar. Hjer hefur vaxtarbroddurinn verið, á því ríður að menn viti það. En það verður ekki skilið af oss einsog vjer erum nú, ef menn gera sjer ekki grein fyrir því, hversu erfitt hefir hjer verið að vaxa. Eitt sem þarf að muna eftir, er að Íslendingar hafa aldrei einhuga fylgt íslenskum foringja; annað, að aðallinn, er bar uppi ísl. menning, leið undir lok að mestu á 13. öld, en síðan fjekk þjóðin í aðals stað, útlenda kaupmenn, sem flestir litu á hana sem skrælingja til að rýja. Það er margt í ástæðum og hugsunarhætti Íslendinga, jafnvel á vorum dögum, sem ekki skilst ef menn ílhuga það ekki, að útlendir kaupmenn voru hjer hin drotnandi stjett. Af því hygg jeg það komið, að Íslendingar hafa ekki betur en orðið er, áttað sig á sjálfum sjer. Þangað ber að rekja, að nokkrum leyti, þetta eftirtektarverða áhuga-leysi á samgöngubótum innanlands,

og einnig og jafnvel framar, áhugas-
skortinn á mentun. Er það ekki eftir-
tektarvert, að í landi þar sem Torfi
í Ólafsdal sýndi, hversu margfaldlega
það getur borgað sig, ef efnilegur
búmaður hefur ástæður til að menta
sig í útlöndum, skuli áhuginn á utan-
ferðum bændaefna ekki vera meiri
en raun ber vitni; og er það ekki eft-
irtektarvert, að í þjóðfjelagi, þar sem
Kinverjar og Svertingjar gætu orðið
auðugir á fáeinum árum, ef þeir
kæmu hingað til að versla, skuli
kennarar, og þá einkum barnakennar-
ar, vera dæmdir til fátæktar, hversu
frábæran áhuga og ágæta hæfileika
sem þeir kynnu að hafa. Að hvaða
svæði sem foringjaefni er, þá ríður á
því til þjóðþrifa, að hann hafi sem
bestar ástæður til að ná þroska og
mentun fyrst, en til að beita sjer síð-
an. En hver kennari er nokkurskonar
foringi; tek jeg orðið hjer í víð-
ari merkingu, læt það taka einnig til
þeitra er kenna sem rithöfundar —
vísindamenn og fræðimenn hvers-
konar og skáld — sem listamenn, sem
íþróttamenn. Sumir íþróttamenn sem
væru sjálfsagðir til að vera lýðkenn-
arar, við ástæður til að geta beitt
sjer, vinna á skrifstofum alla daga
fyrir litil laun, og verða að taka af
nætursvefini sínum til að geta sint sinni
köllun, að vera kennarar. Slíkt er
ekki í áttina. Slíkt kemur af því að
rithöfundar og aðrir kennarar, hafa
ekki haft nógu góðar ástæður til þess
að eyða athugaleysi og óglöggi
hugsun; slíkt ætti sjer ekki stað, ef
það væri lýðum ljóst, hve mjög marg-
ir Íslendingar hafa það til síns ágætis
að geta tekið til sögn. Jeg á ekki ein-
göngu við bóklega til sögn; meðal
þess sem mjer kemur í hug eru t. a.
m. leikvellir, þar sem börn gætu eins-
og í leik, lært að smíða og byggja og
aðra líkamsvinnu. Væru einhverjar
þessháttar stofnanir næsta nauðsyn-
legar hjer í Reykjavík.

Heigi Pjeturss.